
Skólablaðið

APRÍL 1944

Gefið út í Menntaskólanum í Reykjavík



LANDSBÓKASAFN
№ 157059
ÍSLANDS

LAUFEY VALDIMARSDÓTTIR:

Minningar frá skólaárunum

Tímarnir breytast. Árið 1910 útskrifaðist fyrsti kvenstúdentinn, sem hafði verið reglulegur nemandi í skóla.
Nú í vor, 34 árum síðar, útskrifast 23 stúlkur sem stúdentar frá þessum skóla.

Nemendur menntaskólans hafa beðið mig að skrifa einhverjar endurminningar frá skólaárum mínum í blaðið þeirra.

Mér er ánægja að verða við bón þeirra, þótt ég hefði aldrei hugsað, að mér mundi sjálfri finnast ég nógu gömul til að skrifa endurminningar, fyrr en ég væri orðin sjötug. Þá gæti verið nógu gaman að staldra við og líta til baka og sjá lífið í gegnum öfugan kíki, — allt smátt og fjarlægt, en skírt.

En þó að ég sé ekki komin á þennan heiðríkjunnar tind, þá skal ég láta það eftir ykkur, börnin góð, að skrifa mínar fyrstu endurminningar.

Ég hef haft menntaskólahúsið fyrir augum daglega, frá því að ég man eftir mér, því að það blasir við úr glugganum heima hjá mér, og lengra hef ég ekki komizt í lífinu en að ég uni enn á þessum fornu slóðum.

Þegar ég fór að stálpast, fór mér að detta í hug, að gaman væri að fara í Latínuskólann, sem skólinn hét þá. Stúlkur höfðu þá ekki leyfi til að vera þar reglulegir nemendur, en árið 1887 var þeim leyft að ganga þar undir próf. Ein stúlka, Elinborg Jacobsen, Færeyingur, hafði þó fengið að sitja í 6. bekk og tók stúdentspróf árið 1897.

Árið 1904 urðu miklar breytingar hér á landi, — þá kom hér fyrst innlend stjórn. — Það ár voru svo miklar óeirðir í Latínuskólanum, að rektor skólans fór frá. Þá var mikið rætt um umbætur á skólanum, og ný reglugerð gekk í gildi um haustið. Samkvæmt henni skyldi skólinn vera samskóli, þegar því yrði við komið, og náminu breytt, gríska numin afnumið, en latína fyrst kennd í 4. bekk.

Ég gekk inn í skólann vorið 1904 eftir gamla fyrirkomulaginu, en minn bekkur var fyrsti bekkurinn, þar sem náminu var hagað eftir nýju reglugerðinni.

Latínu hafði ég lært um veturinn hjá Þórði Sveinssyni, núverandi prófessor, en þá stúdent, en ekki var krafizt við inntökuprófið, að gerður væri stíll. Að öðru leyti átti kunnátta mín úr barnaskólanum árið áður að duga.

Ég var þó ekki sérlega sannfærð um, að þekking mín á námsgreinunum væri djúp, og mér er minnisstætt, að hrædd var ég daginn, sem ég gekk inn í skólann. Mér hafði ekki komið dúr á auga nóttina áður, og í skólanum var þá róstusamt. Piltar voru þá að



Stúdentar útskrifaðir 1910.

Efsta röð: Ólafur Jónsson, læknir, Jón Ásbjönsson, hæstarl., Steingrímur Jónsson, rafmagnsstj. — *Miðröð:* Guðm. Kamban, rithöf., Helgi Skúlason, augnl., Brynjólfur Árnason, lögf., Þórhallur Jóhannesson, læknir, Halldór Hansen, læknir, Sigurður Sigurðsson prestur, Sigtryggur Kaldal, læknir. — *Neðsta röð:* Þorsteinn Þorsteinsson, sýslumaður, Helgi Guðmundsson, bankastjóri, Laufey Valdimarsdóttir, Sighvatur Blöndal, cand. jur., Skúli Skúlason ritstjóri.

kveðja rektor, því að það var seinasti dagur hans sem rektors í Latínuskólanum.. Þeir fleygðu eldspýtum á gólfið, sem loguðu, þegar á þær var stigið, — og hópur af þessum hávaðasömu unglingum eltu bekk úr bekk þetta sjaldgæfa fyrirbrigði: telpukornið, sem var að taka inntökupróf. En lætin voru svo mikil, að skólanum var lokað og lögreglan sótt.

En þótt ég stæðist prófið, var ekki víst, að ég fengi að sitja í skólanum. Það var fyrst ákveðið um haustið.

Mér þótti frá byrjun vænt um skólann, húsið sjálft, og allar þess minningar heilluðu mig. En þegar ég kom út í fyrstu frímínútum, þá fannst mér óvígur her streyma út úr ótal dyrum út á gangana. Þó var þetta ekki stærri hópur en um hundrað drengir, sem komu út úr einum sex dyrum. Ég man, að ég hljóp heim til mín í fyrstu frímínútunum, — það var svo stutt upp í Þingholtsstrætið. En svo fékk ég einkaleyfi til þess að vera inni í bekknum í frímínútum, og man ég, að drengjum þótti mikið „sport“ í því að koma inn að heimsækja mig, fóru þeir á handahlaupum yfir borð og bekki, þegar kennararnir ráku þá út.

Áður en ég fór í skólann, hafði ég oft



6. bekkur A er eingöngu skipaður stúlkum.

Efri röð frá vinstri: Þórdís Ingibergsdóttir, Þórunn Þórðardóttir, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Helgadóttir, Erla Elíasdóttir, Rebekka Halldórsdóttir, Málfríður Bjarnardóttir, Björg Valgeirsdóttir, Hólmfríður Pálsdóttir, Sigríður Ingimarsdóttir, Herdís Vigfúsdóttir, Kristín Helgadóttir. — *Neðri röð frá vinstri:* Sigríður Sigurjónsdóttir, Ingibjörg Sæmundsdóttir, Ólafía Einarsdóttir, Erna Finnsdóttir, Valborg Hermannsdóttir, Áslaug Kjartansdóttir, Svanhildur Björnsdóttir, Inga Loftsdóttir, Dóra Haraldsdóttir.

heyrt talað um það, að háskalegt mundi vera fyrir stúlkur að vera í skólanum og mundu þær þá verða ókvenlegar og taka skaða á sálu sinni. En ekki vissi ég, fyrr en ég kom í skólann, að piltarnir höfðu verið hræddir um að skemmast af samvistunum við stúlkurnar, því að einn af sjöttubekkingunum þá sagði mér, að hann hefði óttazt, að piltarnir hættu að vera riddaralegir, þegar þeir umgengjust stúlkurnar daglega. Ég vil minnast þess með þakklæti, að sjöttubekkingar Latínuskólans gamla fyrir 40 árum voru mér góðir. Þeir tóku að sér að kenna mér allar venjur hins gamla skóla. Þeir munu hafa gengizt fyrir því, að haldinn var skólafundur, þar sem ég var spurð, hvort ég vildi vera dús við skólann. Piltar púuðu þá allir hver annan, en þéringar voru ólíkt algengari en nú gerist.

Piltar lásu þá inni í skólanum lexíur sínar, og þótti mér gaman að koma inn í stofurnar, þar sem þeir lásu. Létu þeir mig þá oft

heyra margt úr skrifuðum blöðum skólans, gömlum og nýjum, sem voru í vörzlu efribekkinganna, en við busarnir höfðum ekki aðgang að. Óspektir áttu sér stundum stað, bæði þegar setið var við lestur í stofum, þar sem einn kennari átti að gæta allra, og á göngum í frímínútum. Svo mikið eimdi eftir af óróanum frá árinu áður. Oft fóru piltar í „bendu“ á göngum og í stigum utan um einhvern kennarann, en voru þá vanir að hliðra til og standa eins og hermenn, ef kvenfólk gekk um, t. d. ég og lítið stúlkubarn, sem átti heima í skólanum.

Ég held, að drengirnir hafi litið á mig eins og dálítið leikfang, sem ætti að fara varlega með. Þeir hafa áreiðanlega viljað vera riddaralegir við fyrstu stúlkuna, sem var busi í skólanum. Þegar átti að halda árshátíð skólans, samþykktu þeir, að skólinn allur skyldi bjóða mér og ég skyldi verða fyrir þeim heiðri að færa upp ballið með dúxinum í 6. bekk. Dúx 6. bekkjar var ævinlega vanur að færa upp með þeirri stúlku, sem hann bauð. Það má nærri geta, hvort þessum var ljúft að hætta við að færa upp með gullfallegri kærustu sinni og fá í staðinn stelpukrakka, 15 ára, fyrir „dömu“. En ekki var nóg með það. Skólinn valdi pilt til að sækja mig og annan til að fylgja mér heim, — og svo skyldi ég færa upp dömudansinn með þeim, sem ég kysi sjálf.

Engin ósköp standa lengi. Eftir þessa miklu upphefð verð ég að játa, að vegur minn fór heldur að minnka. Þess skal getið, að bekkjarbræðrum mínum var frá upphafi ljóst, að ég var svo sem enginn blómhnappur, sem bera skyldi yfir erfiðleikana. Við kýttum og sættumst og urðum félagar og vinir. Mig langaði svo til þess að vera félagi þeirra. Það var æðsta hugsjón skólans, að menn yrðu að vera góðir félagar, og því skyldu stúlkur ekki geta verið það eins og piltar? En eins og ég var alin upp við hugmyndir um jafnrétti karla og kvenna, voru piltarnir aldir upp við gagnstæðar skoðanir. Og þetta kom fljótt í ljós, undir eins og nýjabrumið fór af því, að stúlka var í skólanum.

Ég man ekki, hvort það var, þegar ég var í öðrum eða þriðja bekk, að það atvik kom fyrir, sem ég nú skal segja frá.

Í skólanum var barizt um völd eins og annars staðar, og var mikill metingur milli efri og neðri bekkjanna um kosningu í stjórn Íþöku, bókasafns skólans.

Neðribekkingarnir voru mannfleiri, og árið áður höfðu þeir náð völdum í þessari stjórn. Nú átti að kjósa aftur. Efribekkingar gátu þá með einhverjum ráðum komið að einum manni og datt þá í hug að kjósa stúlku — „stelpu“ — til þess að sýna með því algera fyrirlitningu á bókasafnsstjórninni. Ég var svo kosin. Man ég þá, að formaður Íþökustjórnarinnar, sem var bekkjarbróðir minn, sagði við mig á fundinum í hljóði, að ég mundi náttúrlega ekki taka við kosningunni, því að ég vissi, í hvaða skyni þetta væri gert. — Ég lét þó sem ég heyrði ekki þessa ráðleggingu, heldur tók til máls og sagði við piltana, að ég ætlaði að taka við þessu starfi í alvöru, þótt þeir hefðu kosið mig í gríni!

Nú kom að því, að ég átti að vera við bókaútlán. Þá söfnuðu þeir liði, þessir piltar, sem alltaf höfðu verið mér svo góðir. Nú ætluðu þeir „að gera at“ í mér eins og kennurunum áður. — Þeir köstuðu í mig húfunum sínum, tugum saman virtist mér, og kipptu í pils mitt, þegar ég var að fara upp stigana til þess að ná bókum. Bekkjarbróðir minn, sem með mér var við bókaafhendinguna, lokaði allar húfurnar inni!

Næst þegar ég átti að gæta lestrarsalar Íþöku, sem opinn var á sunnudögum, tók ekki betra við. Þá hlupu drengirnir með bækur og stóla út á götu. — En þetta stóð ekki lengi fremur en fyrsta dálætið. Eftir að þetta hafði komið fyrir tvisvar sinnum, nenntu piltarnir ekki að eiga í þessu lengur uðu mér eins og félagar, ef þess þurfti með. uðu mér eins og góðir félagar, ef þess þurfti með.

Framhald á bls. 58.

FJÖLNIR

Fjölnir, málfundafélag 1., 2., og 3. bekkjar, hefur haldið 12 fundi í vetur. Rædd hafa verið ýmis mál til gagns og skemmtunar. Sjálfstæðismálið hefur mikið verið rætt, en ekki hafa Fjölnismenn — frekar en aðrir — komizt að nokkurri niðurstöðu þar. Þá hefur verið talað um atvinnumál, kjöt- og mjólkurmálin og fleira. Þó hefur mest verið rætt um skólamál og hið eilífa deilumál: ástandið í félaginu, en þar eru skoðanir málsmetandi manna félagsins mjög breytilegar eftir því, úr hvaða bekk sú stjórn er, sem situr við völd, þegar umræðurnar fara fram.

Félagar Fjölnis eru á annað hundrað, en áhugi flestra félagsmanna er fremur lítill, einkum þó stúlknanna, sem sjaldnast sjást á fundum, en „sitja heima og skrifa glósur fyrir strákana", enda munu þær þar hafa fundið rétt starf fyrir sig.

Á flestum fundum félagsins hefur „Sváfnir", blað þess, verið lesið upp. Framan af vetrinum var það fremur þunnt, nokkrar skrítlur, sem hafa verið á hvers manns vörum síðustu 4—5 árin, en nú upp á síðkastið hefur mikið fjör færzt yfir blaðið. Í haust var heitið verðlaunum fyrir 3 beztu greinar, sem í blaðinu birtust fram til jóla, en þátttaka varð svo lítil, að aðeins ein verðlaun voru veitt, og fékk þau Friðrik Þórðarson úr 2. bekk.

Stjórn félagsins skipa nú sex menn, þrír úr 3. bekk og þrír úr 1. bekk. Var stjórn þessi kosin skömmu eftir nýár, en í fyrrverandi stjórn sátu 2. bekkingar. Núverandi stjórn skipa:

formaður: Guðmundur Magnússon,
vara-formaður: Ólafur Haukur Ólafsson,
ritari: Einar Jóhannesson,
gjaldkeri: Pétur Guðmundsson,
meðstjórnendur: Sigríður Jóhannsdóttir, Þór Vilhjálmsson.

Þór Vilhjálmsson
1. bekk.

Minningar frá skólaárunum

Framhald af bls. 32.

Nú fer víst að verða búið það rúm, sem mér var ætlað í blaðinu ykkar. Mér þykir verst að geta ekki sagt ykkur frá því, sem gerðist, þegar átti að reka mig úr Framtíðinni, þegar ég var í 5. bekk, því að endirinn varð sögulegur. Þegar fullar sættir voru komnar á, stakk ég upp á því, að reynt skyldi að fá hátíðasal skólans fyrir árshátíð félagsins, og skyldi ég sjá um veitingarnar, kaffi o. s. frv. Vissi ég, að við áttum hauk í horni, þar sem var frú Cathinka, kona Jóhannesar Sigfússonar yfirkennara, sem bjó í skólanum og var ákaflega góð öllum nemendum skólans, sem hún náði til, enda hjálpaði hún í þetta sinn sem oftar.

Hátíðir skólans höfðu verið haldnar úti í bæ undanfarin ár, því að salurinn fékkst ekki lánaður. En nú fékkst þetta leyfi, og veit ég ekki betur en að ýmsar hátíðir skólans hafi verið haldnar þar árlega síðan. Svo að þarna gat þó stúlka komið einhverju góðu til leiðar fyrir skólalífið!

Það hefði verið gaman að ræða við ykkur um þetta mál: þátttöku stúlknanna í skólalífinu og hvers vegna hún hefur ekki orðið svo mikil sem æskilegt væri.

Það tekur langan tíma að vinna á gömlum hleypidómum. Það er ekki að sjá, að þeir, sem skólanum stjórna, hafi áhuga á því, að hann sé samskóli, fyrst farið er í kringum reglugerð samskóla með því að búa til sérstaka bekki fyrir pilta og stúlkur.

Ég hef fasta trú á því, að það sé nauðsynlegt til þess að heimurinn batni, að karlar og konur læri að starfa saman á öllum sviðum lífsins. Samskólarnir eru bezti undirbúningurinn til þess. Sjálf er ég þakklát fyrir að hafa fengið að alast upp með drengjum og veit, að ég hef haft af því ómetanlegt gagn. Minningarnar um skólaár mín eru eitt hið bezta, sem ég á í eigu minni. Fölskvalausari kunningsskap hef ég ekki þekkt síðan.